



Flúðum 27. febrúar 2025

## Aðalfundur Hestamannafélagsins Jökuls

### Mál til afgreiðslu og umfjöllunar:

#### 1. Setning og kosning starfsmanna fundarins.

Formaður setur fundinn og leggur til að Þorsteinn sé fundarstjóri og Vilborg Ástráðsd. sé ritari fundarins.

Samþykkt með lófaklappi.

#### 2. Formaður leggur fram skýrslu stjórnar um störf félagsins á síðasta starfsári.

Formaður leggur fram skýrslu stjórnar um starf félagsins frá síðasta aðalfundi og fram að þessum fundi. Formaður ræddi einnig um framtíðarstefnu hestamannafélagsins sem er um mikilvægi þess byggja félagshesthús og reiðhöll. Til að taka ákvarðanir um slíkt þarf að kalla til fundar félagsmanna um það málefni.

Skýrslan er góð og mikilvæg heimild um það starf sem unnið hefur verið.

Braga formanni er þakkað fyrir góða skýrslu.

#### 3. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins til samþykktar, rýnda af skoðunarmönnum félagsins.

Gjaldkeri félagsins leggur fram reikninga félagsins og hafa þeir verið rýndir af skoðunarmönnum félagsins.

Fyrirspurnir um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins:

- Fyrirspurn um Árshátíð og kostnað við árshátíð
  - Spurning hvort að það eigi að draga úr umbúnaði eða gefa í
  - Hljómsveit alltaf mjög dýr og því spurning hvort megi vera með trúbador
- Ákveða miklu fyrir árshátíðina og auglýsa fyrir
  - Þjóða upp á taxa, eða sætaferðir heim
- Árshátíðin er umbun fyrir sjálfboðaliða félagsins, uppskeruhátíð og þökk
- Reiðhöll, hvaða tímasetningu ?
  - Helst á næsta ári, undirbúningurinn er mjög mikilvægur og mundi hefjast á næstu mánuðum
  - Þurfum að vera mjög vel undirbúin þegar við förum að óska eftir samstarfi við sveitarfélögin
- Spurning um að félagið eigi keppnisjakka fyrir börn
  - Það er sjálfsagt að athuga hvort það sé ekki möguleiki

Skýrsla stjórnar samþykkt með handauppréttingu  
Reikningar félagsins samþykktir með handauppréttingu

#### 4. Skýrslur nefnda.

Kristín kynnir skýrslu fyrir hönd æskulýðsnefndar. Að vanda er skýrslan skemmtileg og vel unnin, segir vel frá hinu mikla og góða starfi félagsins. Æskulýðsnefnd er þakkað fyrir sérstaklega vel unnið starf undanfarið ár.

Úr ársskýrslu Héraðssambandsins Skarphéðins fyrir árið 2023, lögð fram 14.mars 2024:

*Sérverðlaun veitt á héraðsþingi*

*Unglingabíkar HSK 2023 Hestamannafélagið Jökull hefur frá stofnun félagsins tekið æskulýðsmálin föstum tókum og lagt mikinn metnað í starfið. Félagið er með mjög virkt starf og virðist vaxa og dafna ár frá ári, þrátt fyrir ungan aldur; en félagið var stofnað árið 2021. Félagið starfar í uppsveitum Árnessýslu, en þar störfuðu áður félögin Trausti, Smári og Logi. Þau voru lögð niður og Jökull tók við sem sameinað hestamannafélag uppsveitanna. Jökull hefur boðið upp á fjölbreytt úrval viðburða allt árið, s.s. námskeið, fræðslu og skemmtun fyrir eins breiðan hóp og mögulegt er. Auk þess að bjóða upp á knapamerkjánám og vikulegar æfingar, er forysta félagsins dugleg að bjóða upp á fjölbreytt námskeið og hugsa út fyrir boxið. Þau buðu meðal annars upp á frumtamningarnámskeið fyrir unglinga og ungmenni og einnig bauð félagið upp á námskeið í fyrstu hjálp fyrir hestakrakka. Þess má geta að er Hestamannafélagið Jökull er handhafi Æskulýðsbikars Landsambands hestamannafélaga árið 2023.*

#### 5. Kosning aðalstjórnar, varastjórnar og skoðenda, skv. 6. gr.

Kosið um stöðu gjaldkera, ritara og tveggja meðstjórnenda:

Ólafur Gunnarsson í framboði til gjaldkera,

Vilborg Ástráðs í framboði til ritara,

Svavar Jón Bjarnason og Guðrún Karitas Snæbjörnsdóttur í framboði til meðstjórnenda.

Kosning til varastjórnar: Í framboði: Rósa Kristín, Eva Björk og Sigríður Magnea

Kosning um skoðunarmenn reikninga: Kristján Einir og Ragnheiður Bjarnadóttir.

Kosning um vara-skoðunarmenn reikninga: Jón Hákonarson, og Einar Ásgeir Sæmundssen.

Framboð samþykkt með lófataki

#### 6. Kosning fulltrúa félagsins á héraðsþing HSK skv. 15. gr.

Héraðsþing HSK: formaður sjálfkjörinn og óskað er eftir að fleiri sjái sér fært um að koma.

- Athuga að senda skýrslu æskulýðsnefndar til Hsk fyrir Héraðsþing Hsk.

#### 7. Lagabreytingar sé þess óskað, skv. 16. gr.

Engar lagabreytingar liggja fyrir fundinum.

### **8. Ákvörðun félagsgjalds.**

Lagt til að hækka félagsgjaldið um 1000,-. Hækkað úr 9500,- í 10500,-

Samþykkt með handauppréttingu

### **9. Fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár lögð fram.**

Gjaldkeri leggur fram fjárhagsáætlun fyrir árið.

Umræður um fjármál:

- Rætt um hvort ekki eigi að hafa reiðvegafé fyrir utan rekstrarkostnað, ætti ekki að vera inni í rekstri félagsins. Reiðvegakostnaðurinn er virkilega hár og hefur háa hlutdeild í rekstrinum.
- Rætt einnig um námskeið og kostnað og sársaukamörk í kostnaði/námskeiðsgjaldi.

### **10. Önnur mál sem félagið varðar.**

- Ábending um að nauðsyn þess að auglýsa viðburði betur svo nái til félagsmanna
- Rætt um að taka til í heimasíðunni og að virkja hana meira og betur
- Hugleiðingar um fréttasíður, DFS og Sunnlenska, einnig rætt um heimasíður sveitarfélaganna.
- Netfangalisti – þar væri hægt að gera gangskör í upplýsingaveitum

Fundi slitið 21:45